MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Skerjagarður

2026– 2027





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastjóra 3

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 6

Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 8

Starfsþróunarsamtöl 12

Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 13

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 13

Foreldrasamstarf 14

Skipulagsdagar og leikskóladagatal 15

Fylgiskjöl: 15

Innra mat Bakki og Ból 2025-2026 16

- Umbótaráætlun Bakki 2025-2026 16
- Umbótaáætlun Bakki 2026-2027 18
- Umbótar áætun Ból 2025-2026 18
- Umbótaáætlun Ból 2026-2027 20

Mat barnanna á Skerjagarði 21

Umsögn foreldraráðs 23

Greinargerð leikskólastjóra

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „*staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“.* Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Á síðasta skólaári unnum við eftir umbótaáætlun ársins á undan. Við tókum líka aðra þætti fyrir eins og leikinn og flæði og lögðum okkur fram við að koma með kveikjur inn í leikinn. Við munum halda áfram að horfa á leik barna sem námsleið en það er partur af umbótaáætlun næsta skólaárs.

Það kom skýrt fram á starfsdegi að starfsfólk vildi meiri festu á leiksvæðum sem skapar ró og leikurinn fær lengri tíma til að þróast, þannig staldra börnin lengur við. Því var ýmislegt endurbætt og lagað í starfinu. Skipulagið á eldri deildinni var mjög skýrt, sem veitir öryggi og festu í öllu starfi. Þetta hefur skapað mikið hæglæti í leikskólastarfi okkar. Leikskólastarf er fjölbreytt og lifandi og alltaf þarf að skoða starfið og hlutverk starfsmanna.



Starfið hefur einkennst af metnaði og fagmennsku. Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur góð í skapandi starfi og unnið var með hugmyndir barnanna.



Á eldri deildinni var unnið með fuglana sem vakti mikinn áhuga. Það var unnið á fjölbreyttan hátt, myndir teiknaðar, unnið með jarðleir og pappamassa og notaður fjölbreyttur efniviður. Útfærslurnar voru ólíkar hjá hópunum. Það sem stóð upp úr var hvað börnin voru með ólíkar hugmyndir. Það var gaman hvað tókst vel til, þau unnu áfram með sínar hugmyndir og margar ólíkar fuglategundir urðu til. Starfsmenn unnu verkefnið á skemmtilegan hátt með börnunum allt eftir áhuga og getu. Gaman hvað var góð skráning og myndir af ferlinu sem fóru í þeirra ferilsmöppur.

Í mati barnanna á ferilsmöppum á síðasta skólaári kom skýrt fram hjá þeim hvað þau vildu hafa í sinni ferilsbók, þau vildu hafa fleiri myndir af ferðum og uppákomum. Það er skemmtilegt að segja frá því að það hefur heldur betur tekist og börnin eru ánægð með að rifja upp ferðirnar sem þau hafa farið í.

Elstu börnin á Skerjagarði tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Í þessu verkefni lærðu börnin lög eftir DR. Gunna, tónskólinn velur listamann ár hvert og æfa börnin lögin í leikskólanum. Með því að taka þátt í þessu verkefni gafst tækifæri til að flétta saman tónlist, skapandi starf, málörvun, hugrekki, framkomu og heimspeki, sérstaklega þegar við kryfjum textana. Verkefninu lauk með tónleikum þar sem foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum var boðið að koma. Börnin voru einstaklega stolt og ánægð með sinn þátt í þessu verkefni.

Við leggjum áherslu á tónlist og söng í öllu okkar starfi bæði á yngri og eldri deild. Einu sinni í viku fara börnin í skipulagða tónlistarstund. Unnið er með taktinn, ýmis hljóðfæri, barnadansar, unnið með spuna og tekið var myndband af einu atriði. Við ætlum að vera duglegri á næsta skólaári að búa til myndbönd. Aðalmarkmiðið er að vinna með samvinnu, gleðina og lýðræðið er alltaf allsráðandi þar sem allar raddir fá að heyrast og þannig hafa börn áhrif á nám sitt. Foreldrar nefndu við okkur í foreldraviðtölum og á opnu húsi hvað væri einstakt hvað börnin væru klár og fljót að læra ýmis lög og þulur.



Á Bóli og Bakka fær frjáls og sjálfsprottinn leikur stórt vægi í dagskipulaginu þar sem börnin fá að prófa ýmis konar leikefni sem eru bæði opin og fyrirfram ákveðin. Á báðum deildum er unnið að hæglæti í starfi með litlum barnahópum. Markmiðið með því er að leggja áherslu á áhuga, innri ró og einbeitingu hvers barns.

Á yngri deildinni vildum við leggja áherslu á að vinna með málörvun í öllu okkar starfi en við teljum það almennt gott fyrir barnahópinn enda eru þetta börn á máltökualdrinum. Málörvunarstundir eru á yngri deildinni og voru útbúnar sérstakar töskur með góðum bókum sem eru síðan notaðar í samverustund. Mikilvægt er að hafa samverustundir innihaldsríkar, markvissar og að efni sé aðgengilegt fyrir starfsfólk. Í vetur var stofnað lærdómssamfélag þar sem tveir starfsmenn á hverri deild ásamt sérkennslustjóra fara yfir efni sem tengist málörvun með áherslu á samverustundir.

Við leggjum áherslu á læsi hér á Skerjagarði og erum alltaf með bókaviku í hverjum mánuði. Bókavikan skilaði sér vel heim til barnanna því þau komu með bækur í skólann og var lestur bóka meiri en verið hefur. Við teljum bókavikuna vekja áhuga hjá börnunum á lestri bóka og skapa umræður milli barna, starfsfólks og foreldra. Næsta vetur verður unnið með elstu börnum skólans. Þau fara á bókasafnið, velja sér bók og vinna markvisst með hana, kynna hana og varpa á skjá. Bækurnar geta svo verið kveikjur að áframhaldandi þemu.

Starfendarannsókn var framkvæmd í leikskólanum Skerjagarði af kennara skólans. Markmið rannsóknarinnar var að stofna og efla lærdómssamfélag innan skólans með faglega forystu að leiðarljósi. Áhersla var lögð á málörvun barna og markvissar samverustundir. Þessi skemmtilega rannsókn var góð kveikja og sköpuðust miklar faglegar umræður.

Skólaárið var gott hér á Skerjagarði, farið var í frábæra námsferð sem var einstaklega fræðandi, margar nýjar hugmyndir vöknuðu hjá starfsmannahópnum og margar góðar kveikjur komu um opinn og skapandi efnivið. Þetta var einstaklega vel heppnuð ferð og gott fyrir starfsandann. Starfsfólk tók þátt í vinnustofum og fræðslu um hvernig nýta má sögur, tungumál og skapandi leik í kennslu og uppeldi, sem féll vel að umbótaáætlun leikskólans.

Það er mikilvægt að gera skólasamfélagið alltaf betra og ígrunda og vaxa í starfi er öllum nauðsynlegt. Við hlökkum til næsta skólaárs.



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026



Á síðasta starfsári vorum við með nokkra þætti sem við gerðum heildarmat á með starfsfólki á deildarfundum og fagfundum. Út frá mati og umbótaáætlun síðustu ára höfum við ákveðið að halda áfram með málörvun fyrir komandi starfsár. Við teljum málörvun einn af mikilvægustu þáttum í leikskólastarfi og því viljum við vinna áfram með þann umbótaþátt á komandi starfsári. Við viljum halda áfram að gera samverustundir faglegar og út frá aldri og áhuga barnanna. Við ætlum að halda áfram að útbúa efni sem hægt er að nota í málörvun og í leik og starfi. Þá viljum við móta okkur skýra málstefnu og betrumbæta læsisstefnu Skerjagarðs.

Margt gott hefur gerst á síðasta skólaári. Starfsfólk fór meðal annars reglulega í miðvikudagsfræðslu hjá Miðju máls og læsis þar sem fræðst var um málþroska og læsi. Einnig var sett á laggirnar lærdómssamfélag sem var hluti af starfendarannsókn kennaranema, þar sem áherslan var á að þátttakendur kynntu sér rannsóknir um læsi meðal annars. Úr varð að starfsfólk vill áfram dýpka sig í að útbúa fjölbreytt kennsluefni sem nýta má í samveru, útikennslu og sköpun. Eftir námsferð sem farin var til Svíþjóðar er starfsfólk sammála því að það sem við tókum með okkur úr ferðinni sé sköpun og umhverfið sem þriðji kennarinn og útikennslu. Í ljósi þess verða sköpun og útikennsla einn af umbótaþáttum komandi skólaárs.

Innra mat

Hvað var metið?	Málörvun
Hvernig fór matið fram?	Deildafundum og fagfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gera samverustundir faglegar og út frá aldri og áhuga barnanna. Útbúa málörvunarefni sem nota á í leik og starfi með börnunum. Þá viljum við móta okkur skýra málstefnu og betrumbæta læsisstefnu Skerjagarðs.

Innra mat

Hvað var metið?	Útikennala
Hvernig fór matið fram?	Starfsdegi, deildafundum og fagfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Áfram er unnið að því að bæta og efla útikennslu á Skerjagarði. Bakpokar sem notaðir hafa verið í útikennslu með fjölbreyttum efnivið verða einfaldaðir. Við munum áfram vinna með útikennslu sem umbótaþátt á komandi skólaári.

Ytra mat

Ekkert ytra mat var framkvæmt þetta skólaárið.



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027



Í heildar umbótaáætlun leikskólans var ákveðið að halda áfram með umbótarþætti fyrri árs, þar sem við teljum að þessum umbótarþáttum megi gera betri skil og að þeim sé ekki lokið. Tekið er fyrir málörvun í öllu starfi með sérstaka áherslu á samverustundir. Ákveðið var að útbúa efni sem verður geymt í þar til gerðum pokum sem nýtist í samverustundum og til að vinna með í litlum hópum með það að markmiði að ýta undir málþroska barna. Þá verður læsisstefnan yfirfarin og bætt. Eins verður málstefna Skerjagarðs gerð sýnileg starfsfólki, börnum og foreldrum. Áfram verður unnið með lærdómssamfélag um samverustundir og málörvun.

Annar umbótaþáttur er útikennsla þar sem starfmannahópurinn fór í skemmtilega námsferð til Svíþjóðar þar sem við kynntum okkur meðal annars útikennslu. Eftir þá ferð viljum við dýpka okkur og gera góða útikennslu enn betri. Þriðji þátturinn er upplýsingagjöf og miðlun upplýsinga þar sem alltaf má gera betur á því sviði. Það skiptir svo ótrúlega miklu máli að allir séu vel upplýstir þar sem það eykur starfsánægju og öryggi.



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun í öllu starfi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Gera samverustundir skipulagðri og faglegri. Starfmenn verði öruggari í samverustundum. Yfirfara læsistefnu Skerjagarðs. Móta málstefnu.
Aðger ðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa efni fyrir samverustundir sem verður aðgengilegt öllum á báðum deildum. Efnið verður sett í poka með leiðbeiningum um notkun efnisins. Lærdómssamfélag um markvissar samverustundir, málörvun og þar sem efni er tekið saman. Læsisstefnan verður betrumbætt. Málstefna verður mótuð og gerð sýnileg öllum.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst Vor 2026 og líkur vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á fagfundum og deildarfundum. Gátlistar um hvernig gengur að nýta sér efnið í samverustundum. Samverustundir metnar með elstu börnunum með því að fara yfir efniviðinn og fá þeirra álit á því hvað er gott og hvað má betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samverustundir eru faglegri og starfsfólk upplifir aukið öryggi. Gátlistar koma vel út. Efniviður er aðgengilegur. Málstefna er sýnileg og starfsfólk upplýst um hana. Læsisstefnan hefur verið yfirfarin og fullkláruð.



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss útikennsla tvisvar í viku.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að útikennsla verði markviss og hópaskipt með fastan tíma í dagskipulagi tvisvar í viku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útikennslutöskur yfirfarnar og aðgengilegar. Stöðvar afmarkaðar og starfsfólk setji sér markmið. Starfsfólk ber ábyrgð á kennslu og að efniviðurinn sé tilbúinn á hverri stöð mánuð í senn. Skipulag og skipting barnahópsins og starfsfólks sýnileg og kynnt öllu starfsfólki.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026 líkur júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ljósmyndaskráning. Metið á deildarfundum og stjórnarteymisfundum með umræðum. Starfsdegi í september þar sem stuðst verður við þrjár meginspurningar. Hvað gengur vel, hvað má betur fara og hvernig þá.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Útikennslutöskur og efniviður eru aðgengileg og notuð markvisst. Starfsfólk sýnir frumkvæði og er virkt á sínum stöðvum. Skipulag og skipting barnahópsins er sýnileg og starfsmenn vita sitt hlutverk.



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Upplýsingarflæði
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allt starfsfólk Skerjagarðs sé upplýst um hvað er á döfinni. Fundargerðir frá stjórnarfundum, deildarfundum og lærdómssamfélagi séu aðgengilegar og kunnugar öllu starfsfólki.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta töflu á kaffistofu starfsmanna þar sem allar dagsetningar um það sem er á döfinni eru skráðar. Fundargerðir eru aðgengilegar í möppu í rekka hjá töflu.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á stjórnarteymisfundum, deildarfundum og starfsviðtölum. Á starfsdegi september 2026 með umræðum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Taflan sé nýtt til upplýsingagjafar og að starfsfólk sé upplýstara.



Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á lýðræðislegt samstarf og að allir hafi rödd, hugmyndir allra í skólasamfélaginu skipta máli. Lögð er áhersla á umræður um uppeldi og nám barna í öllum starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtal fer fram einu sinni á ári og fá starfsmenn punkta með áhersluatriðum fyrir viðtalið þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fóru fram í janúar-mars. Leiðbeiningarviðtöl eru á fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk til að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að hrósa starfsfólki sínu og hvetja það til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott.

Í starfsþróunarviðtölunum kom skýrt fram að starfsmenn fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins talaði starfsfólk um að því fyndist gott að fá að stjórna ákveðnum verkefnum og fylgja sínum barnahóp út skólaárið. Það kom skýrt fram að starfsfólk var að mestu leyti ánægt með dagskipulagið og finnst gott að hafa meiri festu og að gott sé að skipta vel niður á svæðin sem eru í boði. Eins kom fram hvað margir vilja dýpka sig í samverustundum, hafa meiri efnivið sýnilegri og aðgengilegri. Þeir vilja upplifa sig öruggari þegar þeir eru með stundirnar. Þetta verður umbótaþáttur á þessu skólaári. Það kom líka fram að hafa fagfundi reglulegri og skipulagðri. Við munum vinna markvisst í því og erum búin að setja fasta fundatíma.



Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Áætlunin tekur mið af umbótaáætlun á hverju ári. Fyrir næsta skólaár erum við að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem tengist starfi leikskólans.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027.

- Ráðstefna til Akureyrar, kynna okkur læsi.
- Fá kynningu frá miðju máls og læsis á starfsdegi.
- Lærdómssamfélag miðvikudagsfræðsla.
- Fyrirlestur um skapandi starf, skráningu og könnunaraðferðina.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik- og grunnskóla, aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga. Börnin fóru í heimsókn í Melaskóla og í frístund, sjá töflu. Áætlun fyrir næsta skólaár er ekki komin, en hún er alltaf svipuð á milli ára. Hér fyrir neðan er dagskrá frá síðasta skólaári.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
9. apríl 8:30	Börnin kynnast Bókasafni skólans og Selinu í frístund. Heimsókn í Bekk. Tekið með sér nestið.	Melaskóli.	Deildarstjóri
28.apríl	Skilafundur	Melaskóli.	Sérkennari.



Foreldrasamstarf

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðamenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september. Einstaklingsviðtöl við nýja foreldra í júní ár hvert þar sem farið er yfir áherslur í leikskólanum og ýmsar hagnýtar upplýsingar.

Foreldrafélag/foreldraráð Skerjagarðs.

Einn formaður og gjaldkeri og sex meðstjórnendur. Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum, t.d. jólaballi með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Eins var farið í sveitaferð í Miðdal 15. maí með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans. Foreldrafélagið sér um rútuna. Foreldrafélagið sér um fyrirlestur fyrir foreldra á haustin í september-október. Þá er kosið í stjórn foreldrafélagsins.

Fundir og viðburðir:

16. september: Dagsetningar ákveðnar fyrir sveitaferð og jólaball. Hittingar yfir veturinn, t.d. ferð í Húsdýragarðinn, bíóferð og sundferð. Farið yfir jólaball Skerjagarðs. Skipulagt hvað foreldrar ætla að sjá um.

1. október: Foreldrakynning. Foreldrafélagið kynnt og aðalfundur.

10. október: Sundferð foreldra barna á starfsdegi.

2. desember: Undirbúa jólaballið og aðra viðburði. Skipta á milli sín verkum.

5. des: ólaball

10. janúar: Fundur hjá foreldrafélaginu, farið yfir dagsetningar á nýju ári. Opið hús, sveitaferð og annað.

30. janúar: Aðalfundur stjórnar foreldrafélagsins. Sveitaferð og aðrir viðburðir.

22. apríl: Farið í bíó á starfsdegi, foreldrar og börn.

15. maí: Sveitaferð. Farið í Miðdal í Kjós.

Foreldraviðtöl/ kynningar

- Foreldrakynning er á haustin, þá er farið yfir starfið og hvað við leggjum áherslu á.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, á haustin og vorin.
- Vikan 12.–18. október: Foreldrafundir, þar sem var farið yfir einstaklingsnámskrá. Deildarstjórar og foreldrar ásamt sérkennara þegar þess þarf.
- 1. október: kynning fyrir foreldra á starfi skólans og starfsmönnum.
- Vikan 9.–13. Mars: Foreldraviðtöl, farið yfir líðan barns og væntingar foreldra. Einstaklingsnámskrá.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal í fyldiskjölum.

Fylgiskjöl:

Sjá matlista í fylgiskjölum.



Innra mat Bakki og Ból 2025-2026

Á starfsdögum og deildarfundum voru umbótaþættir deildanna metnir og tóku allir starfsmenn skólans þátt í því og komu með hugmyndir og góða punkta út frá áherslum vetrarins. Þetta var gert í formi samræðna og dúkakaffis þar sem allir gátu skrifað niður vangaveltur og hugmyndir sínar. Einnig voru skoðaðar ljósmyndir úr starfinu. Eins erum við með upplýsingasíðu þar sem við setjum inn hugmyndir að verkefnum og efnivið sem skapar umræðugrundvöll og vekur upp frumkvæði og innblástur hjá starfsfólki skólans. Námsferð sem farin var í vor var mikill innblástur í okkar góða starf og sáum við hvað við megum vera stolt af okkar starfi. Alltaf má gera gott starf betra og við erum því full eldmóðs og atorkusemi fyrir komandi vetri.

Umbótaráætlun Bakki 2025-2026

Bakki þriggja til sex ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsfólks í flæði/vali.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa sjónrænt flæði/val fyrir börnin. Að börnin staldri lengur við á svæðum, kennari ætíð til staðar og býr til tækifæri til að auðga og þróa leik barna. Kennarar eiga sitt svæði í 5-6 vikur í senn og það verður áætlun fyrir hvern og einn starfsmann sem er sýnileg öllum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sex til átta börn á svæði. Hugmyndabanki til staðar á svæðunum til að starfsfólk verði öruggara. Starfsfólk fái rými og tíma til undirbúnings.
Ábyrgð	Stjórnendur og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á ör- og deildarfundum á þar til gerðum fundarblöðum.

Styrkleikar Bakki

Umbótaþáttur síðasta skólaárs (sjá töflu fyrir ofan) var hæglátara leikskólastarf og val/flæði á svæðum. Við sáum fram á að það yrðu börn með ólíkar þarfir á deildinni þennan veturinn þannig að við skiptum börnunum á Bakka í 4 hópa eftir aldri. Ástæðan fyrir þessum fjórum skiptingum var að við vildum vinna betur með að koma ró á deildina. Svæðin og húsið í heild sinni voru nýtt miklu betur og færri börn á hverju svæði sem sýndi sig að hver einstaklingur naut sín betur og kennarar upplifðu meiri ró og minna var um árekstra. Börnin fengu fleiri tækifæri til að tjá sig, taka þátt í leik og mynda dýpri tengsl við bæði jafnaldra og starfsfólk. Dagskipulagið og skiptingin á barnahópnum sýndi sig að þegar unnið var í litlum hópum og húsnæði nýtt vel fékk starfsfólk tækifæri til að nýta styrkleika sína betur og sinna börnunum af meiri natni og athygli.



Tækifæri Bakki

Það var ákveðið með samtali við alla starfsmenn Bakka að halda áfram með umbótaþátt síðasta árs en við viljum dýpka okkur enn frekar í verkefnum í hópunum þannig að leiksvæðin verði betur skipulögð. Þannig getum við lagt áherslu á að hafa sköpunarsvæði, málörvunarsvæði, spilasvæði, útikennslu og að sjálfsögðu verður frjálsi leikurinn í hávegum hafður.

Umbótaáætlun Bakki 2026-2027

Bakki þriggja til sex ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efniviður á svæðum og hlutverk kennara/starfsfólk á svæðum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn taki þátt í að hafa tilbúin efnivið á svæðum til að auðga leikinn. Eins þarf að útbúa leiðbeiningar á svæðunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ljósmyndir upp á vegg, setja upp kveikjur, nýta hugmyndasíðuna, fara í undirbúning og undirbúa svæðin og hafa efnivið sem ýtir undir ímyndunaraflið. Gera áætlun fyrir 8 vikur í senn. Unnið í litlum hópum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sumar/Haust 2026 lýkur vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á starfsdögum, fagfundum og deildarfundum. Útfrá ljósmyndum, samtal við starfsfólkið sem er á svæðunum og fá börnin til að tjá upplifanir sínar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að það verði meira um sköpun á svæðum og börn hafi tækifæri til að virkja ímyndunaraflið sitt. Starfólk er öruggt á svæðum og fær samtal um hvernig gengur. Farið yfir ferilsbækur á fundum. Hafa örfundi með hópstjórum á 8 vikna fresti.

Umbótar áætun Ból 2025-2026

Ból 18 mánaða til þriggja ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa áætlun um og skipulag fyrir hvernig innihaldsríkar samverustundir eiga vera. Þær fylgja þemu eða viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í ákveðnum hópum eftir aldri, ákveðnir hópstjórar sjá um sinn aldurshóp að fylgja þessu eftir. Viðfangsefnin eru á ákveðnum stað og aðgengileg öllum sem koma að stundinni.
Ábyrgð	Stjórnendur og hópstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Örfundir, deildafundir og með samræðum um hvernig gengur einnig hvernig gengur að skipta út viðfangsefni tengt starfinu hverju sinni.

Styrkleikar Ból

Umbótaþáttur síðasta skólaárs (sjá töflu fyrir ofan) var samverustundir. Þar sem Ból er með ólíkan aldur og þroska þá var ákveðið að leggja áherslu á samverustundirnar og gera þær markvissari og hafa efni aðgengilegt með tilliti til barnahópsins og aldurs barnanna. Samverustundum var skipt í fjóra hópa og var hver hópstjóri með sinn aldurshóp. Börnin voru öruggari, vissu um hlutverk sitt og lærðu betur á dagskipulagið og hvernig dagurinn gekk fyrir sig. Eins var starfsfólk öruggara og betur undirbúið undir stundirnar, það lærði betur inn á börnin með tilliti til líðanar og hegðunar og þannig gat það valið hvaða efni hentaði hverju sinni. Með þessu var betur hægt að koma til móts við hvert barn fyrir sig



Tækifæri Ból

Það var ákveðið með samtali við alla starfsmenn Bóls að halda áfram með umbótaþátt síðasta árs en við viljum dýpka okkur enn frekar í efnisvali í samveru og tengja þær við þemu í hópunum. Þannig getum við lagt áherslu á markvissari stundir þar sem örvandi efniviður er í boði sem býður upp á málörvun og tjáningu. Þannig getum við komið til móts við þroska og þarfir barnanna sem eru ólíkar. Starfsfólk fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum með því að finna efni og vera þátttakandi í skipulagningu. Þannig fáum við öruggara starfsfólk og betri samverustundir.

Umbótaáætlun Ból 2026-2027

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efni og Þemu í samverustundum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn taki þátt í að hafa tilbúið efni fyrir samverustundir. Gera áætlun um þemu og útbúa ákveðið efni tengt þemum í samveru eins og sönglög, leiki, myndir, bækur. Foreldrara upplýstir um hvaða sönglög við erum að syngja hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ljósmyndir upp á vegg, setja upp kveikjur, nýta hugmyndasíðuna, fara í undirbúning og undirbúa poka með efnivið og hafa efni sem hentar aldri og þroska barnanna. Gera áætlun fyrir 8 vikur í senn. Litlir samveru hópar. Fréttabréf til foreldra.
Ábyrgð	Deildarstjóri, hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sumar/Haust 2026 lýkur vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á starfsdögum, fagfundum og deildarfundum til að sjá hvernig gengur að fara eftir áætlun. Nota ljósmyndaskráningu og upptökur, samtal við starfsfólkið, hafa örfundi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í samverustundum verði góð málörvun og tækifæri fyrir börnin að þróa sig áfram í máltökunni. Starfsfólk finnur sig öruggt með að taka samverustund og fær samtal um hvernig gengur. Áætlun verði tilbúinn og efniviður fyrir stundirnar líka. Hafa örfundi með hópstjórum á 4 vikna fresti.



Mat barnanna á Skerjagarði

Á Skerjagarði meta börnin starfið á fjölbreyttan hátt. Á síðasta ári voru börnin að meta ferilsbækurnar sínar og bentu á hvað væri gott í þeim og hvort það væri eitthvað sem vantaði. Það kom framm að þau vildu hafa fleiri myndir úr ferðum og hefur það verið gert. Nú á þessu skólaári fengum við börnin til að meta hvað væri gott á Skerjagarði og hvort það væri eitthvað sem mætti bæta eða laga.

Spurningarnar sem matið byggir á:

- Hvað er gott á Skerjagarði?
- Hvað er skemmtilegt á Skerjagarði?
- Er eitthvað á Skerjagarði sem vantar?
- Er eitthvað á Skerjagarði sem þarf að laga?

Það sem var gott og skemmtilegt voru ljósakubbarnir og að teikna. Þá voru börnin sammála um að maturinn væri góður og að það væri gott að tjilla í leikskólanum. Þá töluðu þau um að dúkkukrókurinn væri skemmtilegur og það væri gaman hvað það væri búið að kaupa nýtt og flott dót í dúkkukrókinn.

Þegar börnin voru spurð hvað mætti laga eða hvað vantaði á Skerjagarð þá stóð ekki á svörum. Eitt nefndi að það væri kannski hægt að breyta um lit á Skerjagarði og annað sagði að börnin gætu jafnvel litað húsið. Þau bentu á að það væri líka gaman að bæta við kubbum í seglakubbana, það væru til seglakubbar sem væru með speglum sem væri gaman að eiga.

Þá komu þau með frábæra hugmynd um að byggja tréhús í stóru öspina sem stendur við Skerjagarð. Þau vildu að tréhúsið væri með stiga og rennibraut. Þegar þau voru spurð hvort þau kynnu að smíða svona hús sögðu þau já en nokkur nefndu afa sína að þeir gætu nú komið og hjálpað. Rætt var að það gæti verið flókið að byggja kofa upp í tré en við gætum auðveldlega byggt kofa á jörðinni. Það var ákveðið að allavega yrði byggður kofi eða lítil hús ef það verður ekki hægt að byggja tréhús.

F. h. leikskólans Skerjagarðs

Sóldís Harðardóttir	27.05.2026
Leikskólastjóri	Dagsetning

Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027

Skerjagarður

Umsögn foreldraráðs

Skerjagarður er fyrirmyndar leikskóli þar sem faglegt starf innan leikskólans er vel skipulagt og ígrundað. Gaman var að koma í opið hús í maí og skoða ýmis verkefni sem að börnin okkar hafa unnið að þennan skólavetur. Það er bersýnilegt að starfið sem fer fram á Skerjagarði sé skapandi og hafi börnin alltaf í forgrunni. Börnin fá að hafa áhrif á starfið og læra meðal annars um lýðræði í skólanum því þar fá þau að kjósa um ýmis mál.

Foreldrar hafa einnig greiðan aðgang að stjórnendum og geta látið vita ef það eru einhverjar áhyggjur. Það er mjög dýrmætt fyrir foreldra að finna að það sé tekið mark á þeim og þeirra sýn og stjórnendur bregðast yfirleitt snöggt og örugglega við.

Það er ómetanlegt að vita af því að börnin okkar séu í góðum höndum yfir daginn og að starfsfólk leikskólans taki starfi sínu alvarlega þar sem leikskóli ætti ekki að vera aðeins pössun heldur vettvangur til að ýta undir þroska og vellíðan hvers barns.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Iðunn Svala Árnadóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Iðunn Svala Árnadóttir, formaður Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Anna Bergmann, gjaldkeri Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Karl Jóhann Unnarsson, ritari stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Stjórnarmeðlimir:

Ingibjörg Björnsdóttir

María Guðnadóttir

Klara Alexandra Sigurðardóttir

Þórný Edda Aðalsteinsdóttir

Alexía Mist Baldursdóttir

Sandra Ýr Dungal

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og
  þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Skerjagarður

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Veraklýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F			
3	M	Frídagur verslunarmar	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	
5	M		5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F	Starfsdagur	5	F		5	M		5	M		5	L		5	M	
6	F		6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólan	7	S		7	M		7	F		7	M		7	M	
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	M		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	sumarfrí
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F	sumarfrí
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Skólaslit grunnskóla	10	L	
11	Þ		11	F	Starfsdagur	11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M		11	F		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	sumarfrí
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	sumarfrí
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinna	14	M		14	F		14	M		14	M	sumarfrí
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	sumarfrí
16	S		16	M	Dagur íslenskrar nátt	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tung	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	sumarfrí
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L	
18	Þ		18	F		18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M		19	L		19	M	sumarfrí
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda b	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	sumarfrí
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - upphaf (	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F	Umhverfisdagur	21	M		21	M	sumarfrí
22	L		22	Þ		22	F		22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur - upphaf Þorra	22	M	Vetrarfrí	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	sumarfrí
23	S		23	M		23	F		23	M		23	M	starfsdagur	23	L		23	Þ		23	Þ		23	F	Umhverfisdagur	23	S		23	M		23	F	sumarfrí
24	M	Skólasetning grunnskó	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M		24	L		24	M		24	F		24	L	
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	
26	M		26	L	Evrópski tungumálad.	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	sumarfrí
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ	Menntastefnumót	27	F		27	S		27	Þ	sumarfrí
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M		28	F		28			28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	sumarfrí
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	F					29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	sumarfrí
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M		30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	sumarfrí
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M					31	L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Gátlisti – útikennsla

Nafn starfsmanns: _____

Deild: _____

Dagsetning: _____

Útikennslutöskur / gönguferðir

☐ Hvar voru töskurnar notaðar í útikennslu?

☐ Allur efniviður er til staðar

☐ Ég nýti efnivið (bókstafi, tölur, form) á fjölbreyttan hátt

Dæmi um leiki/efni:

_____

_____

_____

Útikennsla í garðinum

Hvaða efniviður var í boði?

☐ Börnin sýna áhuga og ánægju

☐ Ljósmyndaskráning hefur farið fram

Dæmi um leiki/efni:

_____

_____

_____

Skipulag á samverustund

Morgunn samvera

- Syngja: Halló krakkar velkomin í dag
- Fara yfir dagskipulagið
- Lesa bók vikunar/efni úr samverupokum
- Borða ávöxt
- Syngja: Jæja krakkar takk fyrir

Hádegis samvera

(söngstund)

- Syngja: Halló krakkar velkomin í dag
- Fara yfir dagskipulagið
- Syngja lögin og fara með þulurnar af spjaldinu/efni úr samverupokum
- Leikir
- Syngja: Jæja krakkar takk fyrir

Gátlisti/mat fyrir samverustundir:

Skipulagðar Samverustundir eru tvisvar á dag morgunsamvera þar sem ákveðið viðfangsefni og bók er lesin og hádegissamvera með sönglögum tengdum þemu. (sjá áætlun/form) mikilvægt að hafa samverukassa/poka með auðvelt aðgengi.

- Hvernig gengur mér að halda utan um samverustundir og barnahópinn? Þarf eitthvað að laga?

  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____

- Vantar einhvern efnivið sem gott er að nota í samverustund tengt þemanu?

  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____

- Hugmyndir af samverustundum:

  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____

- Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____

- Hvernig gengur að nýta samverupokana?

  _____
  _____
  _____
  _____
  _____
  _____